

Fundargerð – 555. stjórnarfundur Kölku

Fundur í stjórn Kölku sorpeyðingarstöðvar sf. var haldinn þriðjudaginn 13. febrúar kl. 16:30 í fundarsal Kölku.

Mættir: Ingbór Guðmundsson, Kristín Ragnheiður Eiríksdóttir, Önundur Jónasson, Svavar Grétarsson og Eiður Ævarsson.

Steinþór Þórðarson framkvæmdastjóri boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Starfsemi og framkvæmdaáætlun á gámaplönum 2024.
2. Nýting grenndarstöðva og upplýsingagjöf um árangur í flokkun.
3. Framkvæmdaáætlun Brennslu.
4. Grænt bókhald 2023.
5. Önnur mál.

1.-2. Starfsemi og framkvæmdaáætlun á gámaplönum 2024, nýting grenndastöðva og upplýsingagjöf um árangur í flokkun.

Dagskrárliður nr. 1 og nr. 2 voru teknir saman.

Önundur fór yfir kynningu frá Davor, en hann komst ekki á fundinn til að fara yfir kynninguna sjálfur. Önundur fór m.a. yfir fjölda íláta sem voru keypt í fyrra, fjöldi sorpíláta sem Terra er er að hirða eftir breytingar og upplýsti stjórn að Íslenska gámafélagið hóf söfnun pappa/pappír þann 1. febrúar sl., heildarfjöldi íláta á öllum Suðurnesjum og dreifingu á nýjum ílátum og stækkun á tunnulager.

Önundur fór því næst yfir samræmingu dagatala og flokkunartölfræði, breyting á sorphirðudagatali fyrir almennt og lífrænt hjá Terra og pappa/pappír og plast hjá íslenska gámafélaginu, yfirferð og skráning á vigtarferlum verktaka, efnisbókhald og úrgangstölfræði. Önundur fór einnig yfir losunardagatal grenndarstöðva, hugmynd af útliti á nýjum grenndarstöðvum, kynning á nýjum grenndarstöðvum fyrir bæjarbúa, fjölgun djúpgáma í Reykjanesbæ, söfnun á vörubrettum, dreifing á lífrænum bréfpokum, fjölgun gáma á gámaplani og ýmis verkefni.

3. Framkvæmdaáætlun brennslu.

Önundur fór yfir áherslur í brennslu 2024, m.a. verkefni sem unnin voru á líðandi ári,

Önundur fór yfir verkefni sem unnin voru á líðandi ári og verkefni á komandi ári, m.a. tveggja vikna viðhaldsstopp, ýmsar viðgerðir og breytingar sem þarf ekki stopp fyrir, mælingar hjá Carbon Centric í þungmálmum, seglun málma úr botnösku, athugun á lögnum fyrir fljótandi efni inn í ofn, stækkun og endurskipulagning á varahlutalager, aðgerðir til að tryggja efnisstrauma til framtíðar og brennslu það sem af er febrúar.

4. Grænt bókhald 2023.

Frestað til næsta fundar.

5. Önnur mál.

Stjórn ræddi orkuöryggi á Suðurnesjum og umræðu um byggingu á sorporkustöð á SV horninu. Með staðsetningu hennar í Helguvík/Bergvík telur stjórnin að forða mætti neyðarástandi á Suðurnesjum ef Njarðvíkuræð rofnar eða virkjun í Svartsengi verður óstarfhæf.

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og honum slitið kl. 18:12
Næsti fundur er áætlaður þriðjudaginn 12. mars 2024.

Fundargerð samþykkt með undirritun.

Önundur Jónasson

Svavar Grétarsson

Kristín Ragnheiður Eiríksdóttir

Eiður Ævarsson

Ingbór Guðmundsson